

***BORGARRÁÐ 1. nóvember 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um greiðslur frá strætó til Nýtækni/Prime tours - R18080193***

Hvað hefur Strætó bs. greitt Nýtækni/Prime tours frá því þeim var bætt inn í rammisamning um ferðaþjónustu fatlaðra án útboðs í febrúar 2015 allt til gjaldþrots þess í október 2018? Hvað kostar að reka þjónustuver Strætó bs. í Mjódd? a. 2014? b. 2018? Hvað kostaði hver ferð fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks í þjónustuverinu í Mjódd annars vegar 2014 og hins vegar 2018? Hvað eru margar ferðir á ári sem ferðaþjónusta fatlaðs fólks sinnir? Hvað kostaði standsetning þvottastöðvar fyrir Strætó bs. að Hesthálsi 14? Hvaða breytingar er verið að ráðast í að Hesthálsi 14 þar sem Strætó bs. er með starfsemi sína?